

ætlað, og 4. gr. veitir að eins heimild til að greiða úr landssjóði kennslukostnað þeirra **63**
 yfirsetukvenna, er gjöra má viss ráð fyrir, að verði skipaðar í eitt hvert umdæmi. 10. marz

Þetta er tjáð yður, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeigðindum, um leið og jeg endursendi yður viðkomandi reikning, er ekki verður borgaður úr landssjóði.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um sýslumannssetur í Skaptafellssýslu.* — Í þóknanlegu brjefi frá 10. þ. m. hafið þjer herra amtmaður, sent mjer eptirrit eptir brjefi, þar sem hinn setti sýslumaður í Skaptafellssýslu Einar Thorlacius hefir farið þess á leit, að jörðin Kirkjubær á Síðu, sem nú í mörg ár hefir verið sýslumannssetur, en til þess er hún eptir afstöðu sinni einkar vel fallin, og verður hún laus úr ábúð frá næstkomandi fardögum, verði leigð einungis um eitt ár, eða með þeim skilmálum, að sýslumaðurinn í Skaptafellssýslu geti fengið jörð þessa til ábúðar, þegar hann æskir þess. Í annan stað leggið þjer það til að Kirkjubæjarklaustur verði gjört að föstu sýslumannssetri í Skaptafellssýslu framvegis, og að ábúð jarðarinnar frá næstkomandi fardögum verði falin hinum setta sýslumanni Einari Thorlacius. **64**
 15. marz

Þar eð jeg er á sama máli og þjer, herra amtmaður, um það, að jörð sú, er hjer ræðir um, sje bæði hvað afstöðu sína og ásigkomulag snertir, einkar vel fallin til að vera sýslumannssetur, og með því að álíta má tilmæli þau, sem hjer liggja fyrir frá hinum setta sýslumanni Einari Thorlacius, sem yfirlýsingu frá hans hendi, að hann að sínu leyti sje fús til frá næstkomandi fardögum að taka að sjer þessa jörð, er það hjer með samþykkt, að Kirkjubæjarklaustur verði framvegis sýslumannssetur fyrir Skaptafellssýslu, og að sýslumaðurinn, hver sem hann verður, taki jörðina með ákveðnum skilmálum.

Að því er byggingarskilmálana snertir, verður framvegis að byggja jörðina með 340 álna landskuld, sem greiðist eptir meðalverði allra meðalverða, og er stungið upp á þessu í tillögum þeim, er hlutaðeigandi umboðsmaður samdi samkvæmt umburðarbrjefi 19. septbr. 1877 og síðan voru samþykktar af amtsráðinu og lagðar fyrir alþingi; en áður hefir landskuldin verið 402 álnir, goldnar að nokkru leyti eptir meðalverði á ullu og að nokkru leyti með 16 a. fyrir hverja alin.

Hið framanskráða er hjer með tjáð yður herra amtmaður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar og annara ráðstafana.

— *Brjef landshöfðingja til stiptyfirvaldanna um lán til að byggja steinhús á prestssetri.* — Samkvæmt beiðni prestsins að Görðum á Akranesi og meðmælum **65**
 stiptyfirvaldanna hefi jeg leyft, að nefnt prestakall fái lán úr viðlagasjóði að upphæð 1600 kr., til þess að byggja steinhús á prestssetrinu, og er ætlast til, að það komi í stað allra bæjarhúsa þar. Lán þetta er veitt með þeim kostum, að það endurborgist á hinum næstu 20 árum með 80 kr. árlega og ávaxtist með fjórum kr. af hundraði á ári af þeim hluta af láninu, er hvert sinn er eptir ógreiddur. 16. marz

Þetta er hjer með tjáð stiptyfirvöldunum til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeiganda.